

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1978.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1978.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, sbr. reglugerð nr. 73/1974, um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli og reglugerð um breyting á þeim reglugerðum nr. 199/1976.

### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, sem verður 9. gr., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafríðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækir um leyfisskríteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1980. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 199/1976.

*Menntamálaráðuneytið, 30. mars 1978.*

Vilhjálmur Hjálmarsson.

*Birgir Thorlacius.*

## GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

### 1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkv. reglugerð um heimilishjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og laun starfsfólks heimilishjónustunnar:

1. taxti .....	kr. 0 á tímann
2. taxti .....	kr. 285 á tímann
3. taxti .....	kr. 718 á tímann
4. taxti .....	kr. 1 140 á tímann

**2. gr.**

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Heimilt er að víkja frá gjaldskránni, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

**Taxti fyrir einstaklinga:**

1. Tekjur undir .....	kr. 85 000
2. Tekjur milli .....	— 85 001 og 130 000
3. Tekjur milli .....	— 130 001 og 175 000
4. Tekjur yfir .....	— 175 000

**Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:**

1. Tekjur undir .....	kr. 130 000
2. Tekjur milli .....	— 130 001 og 195 000
3. Tekjur milli .....	— 195 001 og 285 000
4. Tekjur yfir .....	— 285 000

**3. gr.**

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á launum starfsfólks ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1978.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

30. mars 1978.

Nr. 171.

**AUGLÝSING****um staðfestingu á skipulagi Innri-Njarðvíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. apríl 1978 staðfest skipulag fyrir Innri-Njarðvík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Njarðvíkurbæjar og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1978.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*